

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Ársreikningur móðurfélags 2023

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

Kennitala 660805-1250

Austurbakka 2, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

bls.

| | |
|---|---------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra | 2 - 5 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 6 - 7 |
| Rekstrarreikningur | 8 |
| Efnahagsreikningur | 9-10 |
| Sjóðstreymi | 11 |
| Skýringar | 12 - 24 |

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi

Hlutverk Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. (Harpa) er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar sem erlendar. Harpa og dótturfélög (samstæðan) annast eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar Hörpu við Austurhöfn í Reykjavík, auk tengdrar starfsemi.

Starfsemin á árinu

Rekstur Hörpu á árinu komst í betra jafnvægi eftir þrjú ár af áhrifum heimsfaraldursins á kjarnastarfsemina.

Á árinu 2023 fóru fram 1.398 viðburðir í Hörpu samanborið við 1.267 árið áður. Er þetta fjölgun um 131 eða 10%. Þar af voru 560 ráðstefnutengdir viðburðir en það innifelur auk ráðstefna m.a. fundi, veislur og móttökur. Fjöldi slíkra viðburða árið áður var 452 og skýrir þessi þróun vöxtinn í viðburðahaldi á milli ára. 811 listviðburðir fóru fram - þar af hélt Sinfóníuhjómssveit Íslands 113 tónleika, opnar æfingar ofl., Íslenska óperan hélt 10 sýningar og tónleika. Tónleikar og listviðburðir á vegum annarra en SÍ og ÍÓ voru alls 688 talsins. Fjöldi leiksýninga af ýmsu tagi var 191. Listviðburðum fjölgaði lítillega í heild eða um 4% á milli ára.

Meðal stórra viðburða á árinu var leiðtogafundur Evrópuráðsins sem haldinn var í maí en á sviði listviðburða má nefna tónleika Anne-Sophie Mutter og The Mutter Virtuosi á vegum Hörpustrengja. Aðrir viðburðir Hörpustrengja voru Uptakturinn - tónsköpunarverðlaun ungs fólks, Upprásin ný tónleikaröð fyrir grasrót og ungt tónlistarfólk og sýningar hins úkraínska Kyiv Grand Ballet á Hnotubrjótnum. Viðburðir á vegum Hörpu sniðnir fyrir börn og fjölskyldur voru 67 talsins, eða rúmlega þriðjungur af heildarfjölda viðburða sem tengjast barnamenningu sem voru alls 171. Menningarnótt er fjölsóttasta hátíð ársins í Hörpu þar sem tugir ókeypiss og aðgengilegra viðburða laða til sín gesti á öllum aldri. Slíkur viðburður er gott dæmi um að Harpa er eins konar borgartorg undir þaki – áfanga- og viðkomustaður mikils fjölda til viðbótar við gesti í hinu formlega viðburðahaldi í sölu hússins. Upplifunarsýningin Hringátta laðaði til sín 15.826 gesti og farnar voru 176 skoðunarferðir um húsið með ferðamenn. Ríflega 199 þúsund aðgöngumiðar voru afgreiddir í gegnum miðasölu Hörpu á árinu samanborið við um 186 þúsund árið 2022. Heildarvelta miðasölu í Hörpu vegna viðburða á árinu nam um 1.256 milljónum króna samanborið við 1.242 milljónir króna árið 2022.

Tenging mikilvægra grunnkerfa í viðburðahaldinu í miðlægan gagnagrunn var eitt af verkefnum ársins. Markmiðið með því er að auka gagnsæi, bæta rekstur og stjórnun. Undirbúningur fyrir starfsþáttagreiningu, vinna við áhættumat og áhættustýringu hélt áfram samhliða innleiðingu samfélagsábyrgðar og gæðastjórnunar. Jafnframt var haldið áfram með þróun stafrænnar miðlunar og þjónustu. Kerfi tengd fasteigninni og öryggisþáttum voru uppfærð og haldið áfram eftir fongum við nauðsynlega endurnýjun búnaðar. Dagskrárstefna var fest í sessi og endurvottun jafnlaunakerfis félagsins var staðfest.

Hjá félaginu voru 105 einstaklingar á launaskrá á árinu 2023 og er það fækkun um 20 frá árinu 2022. Stöðugildum fjölgaði hins vegar um 4 og eru 52 borið saman við 48 árið 2022. Fastráðið starfsfólk var í lok árs 46 talsins og skiptust í 19 konur og 27 karla og starfsfólk í tímavinnu í 34 konur og 10 karla. Kynbundinn launamunur heildarlauna var mældur og reyndist hann vera 0,9% og lækkar á milli ára og eru karlar nú með lægri laun.

Fjöldi heimsóknna í húsið var rétt rúmlega 1,2 milljónir samkvæmt talingakerfi við innganga en til viðbótar má gera ráð fyrir umtalsverðum fjölda barna sem sækja fjölbreytta barnamenningarviðburði.

Stefnumótun og sjálfbærni

Unnið er samkvæmt gildandi stefnu Hörpu og megin áherslum hennar fyrir starfsemi og rekstur. Undirstefnur hennar taka til lykilverkefna og málaflokka í starfseminni eru mannréttinda- og jafnlaunastefna, umhverfis- og loftslagstefna, samgöngustefna, stefna um persónuvernd, upplýsingaöryggi og gagnavernd, vinnuvernd og öryggisstefna, þjónustustefna, dagskrárstefna, innkaupastefna, varnir gegn peningabætti og vernd uppljóstrara, samskiptasáttmáli og siðareglur fyrir stjórn og starfsfólk auk þess sem á árinu var lagður grunnur að siðareglum fyrir birgja. Gilda stefnurnar um öll félög samstæðunnar eftir því sem á við miðað við eðli starfseminnar og eru flestar birtar á vefsvæði félagsins.

Harpa starfar í samræmi við skýr markmið um samfélagsábyrgð. Samfélagsábyrgð Hörpu er að skapa menningarleg, samfélagsleg og efnahagsleg verðmæti og fara vel með auðlindir og umhverfi. Settur var aukinn kraftur í stefnumótun og markmiðasetningu á þessu sviði á árinu samhliða innleiðingu UFS mælikvarða sem birtust í fyrstu árs- og sjálfbærnisráðgjafu félagsins sem kynnt var á aðalfundi 2023 og verður hér eftir um árlega útgáfu að ræða. Markmið grænna skrefa í opinberum rekstri, Svansvottun ráðstefnuaðstöðu Hörpu, leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja og valin sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna - er meðal þess sem leggur grunninn að sjálfbærnivæðingunni framundan. Vísað er í árs- og sjálfbærnisráðgjafu 2023 hvað varðar nánari upplýsingar um aðgerðir og markmið félagsins á þessu sviði. Unnið er að uppfærslu á stefnu Hörpu til ársins 2030 og gert er ráð fyrir að hún taki gildi í ársbyrjun 2025.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Rekstur félagsins á árinu

Rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var 187,8 milljónir króna árið 2023, samanborið við 325,7 milljónir króna árið 2022. Tekjur af starfseminni hækka um 4,3% á milli ára og námu 1.546,6 milljónum króna árið 2023 samanborið við 1.483 milljónir króna árið 2022. Rekstrarframlög eigenda, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar lækkuðu á milli ára um 16,8% eða 127,6 milljónir króna. Sérstakur stuðningur vegna heimsfaraldursins féll niður og námu rekstrarframlög ársins 601 milljón króna. Rekstrartekjur með framlögum eigenda námu því samtals 2.177,2 milljónum króna og lækkuðu um 2,9%.

Húsnæðiskostnaður var alls 727 milljónir króna og hækkaði um 46,7 milljónir króna eða 6,8% á milli ára. Hlutur fasteignagjalda í húsnæðiskostnaði nam 336,8 milljónum króna og hækkaði um 20,7 milljónir á milli ára. Laun og launatengd gjöld voru 704,9 milljónir króna, hækkuðu um 77 milljónir króna milli ára eða 12,3%. Annar rekstrarkostnaður nam 557,6 milljónum króna í samanburði við 607,2 milljónir árið 2022 og lækkaði því um 8,2%. Stærsti hluti annars rekstrarkostnaðar er aðkeypt þjónusta vegna viðburðahalds eða 308 milljónir króna. Rekstrargjöld námu alls 1.989,4 milljónum króna og hækkuðu um 3,9% sem verður að teljast viðunandi árangur í umhverfi hárrar verðbólgu og launahækkana. Á árinu var lokið við uppgjör á skipulagsgjaldi eins og fyrirhugað hafði verið og reyndist það nema 108,6 milljónum króna í stað 134 milljóna króna sem gerð var grein fyrir í ársreikningi félagsins árið 2022.

Tap að fjárhæð 67,9 milljónir króna varð af heildarstarfsemi félagsins á árinu að teknu tilliti til tekjuskatts, afskrifta og fjármagnsliða samanborið við 122,1 milljóna króna tap á árinu 2022. Eigið fé félagsins nam 10.745,9 milljónum króna í árslok 2023 og er eiginfjárlutfallið 30%.

Fjárhagsleg staða

Rekstrarforsendur Hörpu hafa frá upphafi kallað á aðkomu eigenda félagsins. Allt frá árinu 2013 hefur íslenska ríkið og Reykjavíkurborg lagt Hörpu til rekstrarframlag og hefur það verið forsenda þess að rekstur félagsins gangi. Skýringarnar eru meðal annars há fasteignagjöld, kostnaðarsamt viðhald fasteignar og búnaðar, sem og til að uppfylla menningar- og samfélagslegt hlutverk hússins í þágu almennings. Samkomulag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar um rekstrarstuðning við Hörpu dags. 6. mars 2013 og viðauki við þann samning frá 23. maí 2017 hafa verið grundvöllur framlaga eigenda. Frá árinu 2018 hafa heimildir í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar jafnframt verið byggðar á ítarlegri áætlanagerð og upplýsingagjöf um rekstur félagsins til eigendaneftdar og eigenda. Framlög eigenda árið 2024 samkvæmt heimildum í fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar munu tryggja rekstrarhæfi félagsins að óbreyttu út árið 2024. Vonir standa til þess að vinnu við undirbúning langtímasamnings aðila um rekstur og starfsemi Hörpu ljúki á árinu.

Máli Íslenskra aðalverktaka hf. („ÁV“) gegn Hörpu og Situs ehf. in solidum vegna stýriverktöku lauk með dómi Hæstaréttar á árinu þar sem krafa stefnanda var ekki talin fyrnd. Fjárhæð bóta var ekki hluti af dómsorðinu en samningar standa yfir á milli aðila um uppgjör sem verður mögulega lokið á árinu 2024. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 13.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps. Stjórn félagsins leggur til að arði verði ekki úthlutað.

Eignaraðild

Engin breyting varð á eignarhaldi félagsins á árinu sem er að 54% hluta í eigu íslenska ríkisins og 46% hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helstu fjárhagslegu áhættuþættir félagsins eru lausafjár-, útlána- og vaxta- og verðtryggingaráhætta. Upplýsingar um fjárhagslega áhættustjórnun og áhættuþætti er að finna í skýringu nr. 15.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Stjórnarhættir

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja uppfærðum „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 2021. Í rekstri Hörpu er gætt að leiðbeiningum og reglum sem fram koma í sértækri og almennum eigendastefnum. Stjórn Hörpu hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í starfsreglum stjórnar er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins ásamt siðareglum stjórnar og starfsfólks. Stjórn hefur jafnframt sett starfskjarastefnu sem birt er á heimasíðu félagsins. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra. Fundir stjórnar á árinu voru níu talsins.

Undirnefndir

Tvær undirnefndir stjórnar eru starfandi hjá Hörpu sem eru endurskoðunarnefnd og dagskráráð. Stjórn Hörpu skipaði á fyrsta fundi sínum að loknum aðalfundi þrjá einstaklinga í endurskoðunarnefnd. Í nefndinni sitja nú einn aðili óháður félaginu og tveir fulltrúar stjórnar. Aðalhlutverk endurskoðunarnefndar er mat á eftirlitsumhverfi félagsins, greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar, gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda í samráði við Ríkisendurskoðun skv. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings, ásamt mati á óhæði endurskoðanda, mat á virkni áhættustefnu, áhættuvilja og áhættustýringu og tryggja fylgni við gildandi lög og reglur. Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ytri endurskoðendum og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma. Endurskoðunarnefnd hélt sex fundi á árinu. Dagskráráð er skipað fjórum aðilum eftir tilnefningar frá fagfélögum á sviði tónlistar. Hlutverk þess er að vera ráðgefandi við val á eigin viðburðum og framkvæmd dagskrárstefnu Hörpu. Dagskráráð hélt þrjá formlega fundi á árinu.

Eigendastefna

Harpa starfar í samræmi við sértæka eigendastefnu sem sett var árið 2012. Að auki gilda almenn eigendastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins, útgefin í september 2021 og almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar, samþykkt í borgarstjórn 3. maí 2022. Í eigendastefnunum er m.a. fjallað um stjórnun og skipulag, stjórnarhætti, stefnumótun og framtíðarsýn, rekstur félags, starfshætti og vinnulag, upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eigenda. Eigendanefnd Hörpu er skipuð sex fulltrúum, þremur frá hvorum eiganda og er meginhlutverk hennar að vera vettvangur upplýsingamiðlunar og samræma sjónarmið eigenda í málefnum félagsins.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Staðfesting stjórnar og forstjóra

Það er álit stjórnar og forstjóra félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2024

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
stjórnarformaður

Árni Geir Pálsson
varaformaður

Hrönn Greipsdóttir
stjórnarmaður

Jón Þorvarður Sigurgeirsson
stjórnarmaður

Gunnar Sturluson
stjórnarmaður

Svanhildur Konráðsdóttir
forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. fyrir árið 2023, að undanskilinni skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur:

- Skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra.
- Rekstrarreikning fyrir árið 2023.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2023.
- Sjóðstreymi fyrir árið 2023.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, samanber kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina

Hvað varðar skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum, framhald

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 10. apríl 2024

PricewaterhouseCoopers ehf.

Valgerður Kristjánsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|-------|------------------|-------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Tekjur af starfsemi | 2 | 1.546.584 | 1.483.000 |
| Rekstrarframlag frá eigendum | 2,11 | 601.000 | 450.000 |
| Viðbótarrekstrarframlag frá eigendum | 2,11 | 29.642 | 308.194 |
| | | <u>2.177.225</u> | <u>2.241.195</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Húsnæðiskostnaður | 3 | 726.954 | 680.288 |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 704.889 | 627.924 |
| Annar rekstrarkostnaður | 3 | 557.566 | 607.243 |
| | | <u>1.989.408</u> | <u>1.915.454</u> |
| Rekstrarhagnaður (EBITDA) | | | |
| | | 187.817 | 325.740 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 5,6 | 397.056 | 532.607 |
| Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | |
| | | (209.239) | (206.866) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxta- og verðbótatekjur | 4 | 2.614.435 | 2.686.812 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | 4 | (2.514.781) | (2.636.762) |
| Gengismunur | 4 | 335 | 16 |
| | | <u>99.990</u> | <u>50.066</u> |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 14 | 17.967 | 35.981 |
| Tap fyrir skatta | | | |
| | | (91.282) | (120.820) |
| Reiknaður tekjuskattur | 12 | 23.420 | (1.307) |
| Tap ársins | | | |
| | | <u>(67.863)</u> | <u>(122.126)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eignir | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|--|-------|--------------------------|--------------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Hugbúnaður | 5 | 6.508 | 8.748 |
| Efnislegar eignir: | | | |
| Fasteignir og lóðir | | 8.694.255 | 8.868.864 |
| Innréttingar, áhöld og tæki | | 2.207.797 | 2.280.032 |
| | 6 | <u>10.902.052</u> | <u>11.148.896</u> |
| Fjáreignir: | | | |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 14 | 149.234 | 131.267 |
| Langtímafjáreign | 7 | 22.572.983 | 21.551.200 |
| | | <u>22.722.217</u> | <u>21.682.467</u> |
| Fastafjármunir samtals | | 33.630.778 | 32.840.111 |
| Veltufjármunir | | | |
| Næsta árs afborganir langtímafjáreignar | 7 | 703.388 | 628.574 |
| Kröfur á tengda aðila | 11 | 75.140 | 49.108 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 8 | 244.509 | 436.528 |
| Handbært fé | | 914.768 | 1.039.890 |
| | | <u>1.937.805</u> | <u>2.154.100</u> |
| Eignir samtals | | <u><u>35.568.583</u></u> | <u><u>34.994.211</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|-------|--------------------------|--------------------------|
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | | 3.782.326 | 3.782.326 |
| Lögbundinn varasjóður | | 818.082 | 818.082 |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | 105.714 | 87.748 |
| Óráðstafað eigið fé | | 6.039.760 | 6.125.590 |
| | 9 | <u>10.745.882</u> | <u>10.813.745</u> |
| Skuldir | | | |
| Skuldbindingar: | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 12 | 1.328.721 | 1.352.140 |
| Langtímaskuldir: | | | |
| Langtímaskuldir við tengda aðila | 10 | 22.118.163 | 21.169.745 |
| Langtímaskuldir samtals | | 23.446.884 | 22.521.885 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda við fjármálastofnanir | 10 | 0 | 22.749 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda við tengda aðila | 10 | 689.303 | 563.411 |
| Óuppgert vegna viðburða | | 356.433 | 419.747 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 271.499 | 594.846 |
| Skuldir við tengda aðila | 11 | 58.582 | 57.828 |
| | | <u>1.375.817</u> | <u>1.658.581</u> |
| Skuldir samtals | | 24.822.700 | 24.180.466 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>35.568.583</u></u> | <u><u>34.994.211</u></u> |
| Fjárhagsleg áhættustjórnun | 15 | | |
| Aðrar upplýsingar | 13,16 | | |

Sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|-------|-----------------------|-------------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé til rekstrar: | | | |
| Tap ársins | | (67.863) | (122.126) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 14 | (17.967) | (35.981) |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 5,6 | 397.056 | 532.607 |
| Verðbótatekjur langtímafjáreignar | | (1.752.745) | (1.920.292) |
| Verðbætur langtímalána og dreifing lántökugjalda og yfirverðs | | 1.711.619 | 1.879.788 |
| Reiknaður tekjuskattur | 12 | (23.420) | 1.307 |
| | | <u>246.681</u> | <u>335.302</u> |
| Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 192.019 | (279.708) |
| Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (386.661) | 155.404 |
| | | <u>(194.642)</u> | <u>(124.304)</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>52.039</u> | <u>210.998</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð efnislegra eigna | 6 | (147.972) | (123.155) |
| Afborganir langtímafjáreignar | | 656.148 | 581.046 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila, breyting | | (26.032) | (6.124) |
| | | <u>482.143</u> | <u>451.766</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Afborganir langtímalána til tengdra aðila | | (642.891) | (569.307) |
| Afborganir langtímalána til fjármálastofnana | | (17.167) | (16.531) |
| Skammtímalán frá tengdum aðilum, breyting | | 753 | 952 |
| | | <u>(659.305)</u> | <u>(584.885)</u> |
| (Lækkun) / hækkun á handbæru fé | | (125.123) | 77.879 |
| Handbært fé í byrjun árs | | <u>1.039.890</u> | <u>962.011</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u><u>914.768</u></u> | <u><u>1.039.890</u></u> |
| Aðrar upplýsingar | | | |
| Innborgaðir vextir | | 870.581 | 783.893 |
| Greiddir vextir | | (794.591) | (749.504) |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) starfar á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar.

Hlutverk Hörpu er að sjá um eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Rekstrarupplýsingar um dótturfélög Hörpu eru í skýringu nr. 14.

Félagið er í eigu íslenska ríkisins að 54% hluta og Reykjavíkurborgar að 46% hluta. Lögheimili félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

2. Rekstrartekjur

| | 2023 | 2022 |
|---|------------------|------------------|
| Tekjur af starfsemi Hörpu | | |
| Leigutekjur | 219.834 | 189.521 |
| Viðburðir og ráðstefnur | 1.040.028 | 1.079.370 |
| Rekstrarleyfissamningar | 262.088 | 206.070 |
| Aðrar tekjur | 24.633 | 8.039 |
| | <u>1.546.584</u> | <u>1.483.000</u> |
| Rekstrarframlag frá eigendum | | |
| Rekstrarframlag frá eigendum | 601.000 | 450.000 |
| Tekjufærður mismunur vegna fjármögnunarsamnings | 29.642 | 27.194 |
| Viðbótarrekstrarframlag frá eigendum | 0 | 281.000 |
| | <u>630.642</u> | <u>758.194</u> |

3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---------------------------------|----------------|----------------|
| Húsnæðiskostnaður | | |
| Fasteignagjöld | 336.773 | 316.106 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 390.181 | 364.181 |
| | <u>726.954</u> | <u>680.288</u> |
| | | |
| | 2023 | 2022 |
| Laun og launatengd gjöld | | |
| Laun | 572.016 | 502.449 |
| Lífeyrissjóðsmótframlag | 76.279 | 67.854 |
| Önnur launatengd gjöld | 56.593 | 57.621 |
| | <u>704.889</u> | <u>627.924</u> |

Hjá félaginu voru 105 á launaskrá á árinu 2023 í um 52 stöðugildum, samanborið við 125 á launaskrá á árinu 2022 í um 48 stöðugildum.

Laun, þóknanir og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu 39,9 milljónum króna á árinu samanborið við 37,5 milljónir króna árið 2022. Þar af voru laun og launatengd gjöld forstjóra 27,6 milljónir króna á árinu 2023 samanborið við 26 milljónir króna á árinu 2022.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Skýringar

3. Rekstrargjöld, framhald

| | 2023 | 2022 |
|--|----------------|----------------|
| Annar rekstrarkostnaður | | |
| <i>Kostnaður vegna viðburða</i> | | |
| Aðkeypt þjónusta vegna listviðburða og ráðstefna | 308.054 | 304.665 |
| Annar rekstrarkostnaður viðburða | 37.539 | 41.420 |
| Kostnaður tengdur miðakerfi | 34.560 | 26.576 |
| | <u>380.154</u> | <u>372.662</u> |
| <i>Annar rekstrarkostnaður</i> | | |
| Markaðskostnaður | 60.958 | 56.597 |
| Veittir styrkir | 5.068 | 6.000 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 38.297 | 47.097 |
| Annar rekstrarkostnaður | 73.089 | 124.887 |
| | <u>177.412</u> | <u>234.581</u> |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>557.566</u> | <u>607.243</u> |

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

| | 2023 | 2022 |
|---------------------------------|---------------------|---------------------|
| Vaxta- og verðbótatekjur | | |
| Langtímafjáreign | 2.534.071 | 2.658.028 |
| Bankareikningar | 57.822 | 18.655 |
| Aðrir liðir | 22.542 | 10.128 |
| | <u>2.614.435</u> | <u>2.686.812</u> |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | |
| Langtímaskuldir | (2.514.772) | (2.636.733) |
| Aðrir liðir | (8) | (29) |
| | <u>(2.514.781)</u> | <u>(2.636.762)</u> |
| Gengismunur | | |
| Aðrir liðir | 335 | 16 |
| | <u>335</u> | <u>16</u> |
| Hreinar fjármunatekjur | <u>99.990</u> | <u>50.066</u> |

5. Óefnislegar eignir

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|--|--------------|--------------|
| Óefnislegar eignir sem samanstanda af hugbúnaði greinast þannig: | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 8.748 | 11.413 |
| Afskriftir | (2.240) | (2.665) |
| Bókfært verð í árslok | <u>6.508</u> | <u>8.748</u> |
| Bókfært verð í árslok greinist þannig: | | |
| Kostnaðarverð | 11.500 | 15.038 |
| Afskrifað samtals | (4.992) | (6.290) |
| Bókfært verð í árslok | <u>6.508</u> | <u>8.748</u> |

Skýringar

6. Efnislegar eignir

| | Fasteignir og lóðir | Innréttingar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|------------------------|--------------------------------|-------------------|
| Árslok 2022 | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 9.043.474 | 2.378.208 | 11.421.682 |
| Viðbót ársins | 134.000 | 123.155 | 257.155 |
| Virðisrýrnun fasteignar | (134.000) | 0 | (134.000) |
| Afskriftir ársins | (174.609) | (221.332) | (395.942) |
| Bókfært verð í árslok | <u>8.868.864</u> | <u>2.280.032</u> | <u>11.148.896</u> |
| Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 18.113.932 | 3.884.268 | 21.998.201 |
| Afskriftir og virðisrýrnun samtals | (9.245.068) | (1.604.237) | (10.849.305) |
| Bókfært verð í árslok | <u>8.868.864</u> | <u>2.280.032</u> | <u>11.148.896</u> |
| Árslok 2023 | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 8.868.864 | 2.280.032 | 11.148.896 |
| Viðbót ársins | (25.386) | 173.358 | 147.972 |
| Virðisrýrnun fasteignar | 25.386 | 0 | 25.386 |
| Afskriftir ársins | (174.609) | (245.592) | (420.201) |
| Bókfært verð í árslok | <u>8.694.255</u> | <u>2.207.797</u> | <u>10.902.052</u> |
| Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 18.088.547 | 4.037.997 | 22.126.544 |
| Afskriftir og virðisrýrnun samtals | (9.394.291) | (1.830.200) | (11.224.491) |
| Bókfært verð í árslok | <u>8.694.255</u> | <u>2.207.797</u> | <u>10.902.052</u> |
| Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi félagsins greinast þannig: | | 2023 | 2022 |
| Afskrift efnislegra eigna | | 420.201 | 395.942 |
| Virðisrýrnun efnislegra eigna | | (25.386) | 134.000 |
| Afskrift óefnislegra eigna, samanber skýring númer 5 | | 2.240 | 2.665 |
| | | <u>397.056</u> | <u>532.607</u> |

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2023 voru eftirtaldar:

| | Fasteignamat, hús | Fasteignamat, lóð | Brunabótamat | Bókfært verð |
|-----------------------------|-------------------|-------------------|--------------|--------------|
| Austurbakki 2 (Harpa) | 19.135.100 | 9.460.460 | 46.217.400 | 8.694.255 |

Fasteign félagsins er tryggð húseigendatryggingu og lausafé og búnaður eru vátryggðir fyrir 1.581 milljónir króna.

Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar hvíla á fasteign félagsins til tryggingar skuldum sem námu um 22,8 milljörðum króna í árslok 2023. Til tryggingar skilvísu og skaðlausu greiðslu eru þinglýst tryggingarbréf með veði í fasteigninni, tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18 milljörðum króna. Tryggingarbréf eru bundin vísitölu neysluverðs og nemur framreiknað verð 32,3 milljörðum króna í árslok 2023. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á skuldum.

Skýringar

7. Langtímaffjáreign

Langtímaffjáreign félagsins í efnahagsreikningi byggir á samningi Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar um starfsemi og rekstur Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2013. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda eigendur Hörpu, íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%), sig að greiða fast mánaðarlegt framlag til Hörpu í 35 ár frá 15. mars 2011 að telja. Samningsbundið framlag er verðtryggt í samræmi við vísitölu neysluverðs með grunnvísitöluna 237,4.

Félagið færir samningsbundið framlag samkvæmt samningi sem langtímaffjáreign í efnahagsreikningi, til mótvægis við langtímaskuld vegna byggingar Hörpu, en framlagið er nátengt þeirri skuld, sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 10. Langtímaffjáreignin er færð til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru vextir af langtímaláninu. Sjá nánar um árlegar greiðslur samningsbundna framlagsins í skýringu nr. 15.3.

| Langtímaffjáreign kemur þannig fram í efnahagsreikningi: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|-------------------|-------------------|
| Langtímaffjáreign, meðal fastafjármuna | 22.572.983 | 21.551.200 |
| Næsta árs afborganir langtímaffjáreignar, meðal veltufjármuna | 703.388 | 628.574 |
| | <u>23.276.371</u> | <u>22.179.774</u> |
| | | |
| Afborganir langtímaffjáreignar félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| Afborganir árið 2023 | 0 | 628.574 |
| Afborganir árið 2024 | 703.388 | 651.255 |
| Afborganir árið 2025 | 728.769 | 674.755 |
| Afborganir árið 2026 | 755.065 | 699.102 |
| Afborganir árið 2027 | 782.310 | 724.328 |
| Afborganir árið 2028 | 810.539 | 750.464 |
| Afborganir árið 2029 og síðar | 19.496.301 | 18.051.296 |
| | <u>23.276.371</u> | <u>22.179.774</u> |

Veðsetningar

Þinglýst veð og skuldbindingar hvíla á langtímaffjáreign félagsins til tryggingar skuldum sem námu um 22,8 milljörðum króna í árslok 2023. Mánaðarlegt framlag íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar greiðist inn á veðsettan bankareikning dótturfélags Hörpu, Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., og verða ávallt fyrst nýttar til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki dótturfélagsins, Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf., HARP 46 0217, sem skráður er í Kauphöll Íslands.

8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur

| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur greinist þannig: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|----------------|----------------|
| Viðskiptakröfur | 94.387 | 302.833 |
| Kröfur vegna miðasölu | 153.472 | 187.737 |
| Niðurfærsla krafna | (15.632) | (58.213) |
| Viðskiptakröfur, nettó | <u>232.226</u> | <u>432.357</u> |
| Aðrar kröfur | 12.283 | 4.170 |
| | <u>244.509</u> | <u>436.528</u> |

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímafröfur eru færðar niður til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímafröfum í efnahagsreikningi.

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|--|------------------|------------------|
| Niðurfærsla krafna í upphafi árs | (58.213) | (24.519) |
| Breyting á niðurfærslu ársins, færð í rekstrarreikning | <u>42.581</u> | <u>(33.695)</u> |
| Staða í lok árs | <u>(15.632)</u> | <u>(58.213)</u> |

Skýringar

9. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé félagsins nam í árslok kr. 3.782.326.000. Fjöldi hluta er 3.782.326.000, hver að virði 1 króna.

Lögbundinn varasjóður

Fært hefur verið tillag í lögbundinn varasjóð sem nemur 21,63% af útgefnu hlutfé, í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélags og færa á bundinn hlutdeildarreikning meðal eiginfjárliða. Sé hlutdeild félagsins í dóttur- eða hlutdeildarfélögum seld eða afskrifuð skal leysa hlutdeildarreikninginn upp og færa breytinguna á óráðstafað eigið fé.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|-------------------|-------------------|
| Hlutfé | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.782.326 | 3.782.326 |
| Staða í árslok | <u>3.782.326</u> | <u>3.782.326</u> |
| Lögbundinn varasjóður | | |
| Staða í ársbyrjun | 818.082 | 818.082 |
| Staða í árslok | <u>818.082</u> | <u>818.082</u> |
| Bundinn hlutdeildarreikningur | | |
| Staða í ársbyrjun | 87.748 | 51.767 |
| Binding vegna hlutdeildar í dótturfélögum | 17.967 | 35.981 |
| Staða í árslok | <u>105.714</u> | <u>87.748</u> |
| Óráðstafað eigið fé | | |
| Staða í ársbyrjun | 6.125.590 | 6.283.697 |
| Tap ársins | (67.863) | (122.126) |
| Binding vegna hlutdeildar í dótturfélögum | (17.967) | (35.981) |
| Staða í árslok | <u>6.039.760</u> | <u>6.125.590</u> |
| Eigið fé samtals | <u>10.745.882</u> | <u>10.813.745</u> |

Skýringar

10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir félagsins greinast þannig:

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|-------------------|-------------------|
| Langtímaskuldir við tengda aðila | | |
| Greiðslumiðlunin Hringur ehf., dótturfélag, fastir vextir 3,55% | 22.910.207 | 21.842.690 |
| Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns | (102.741) | (109.534) |
| | <u>22.807.466</u> | <u>21.733.156</u> |
| Aðrar langtímaskuldir | | |
| Skuldabréf, breytilegir vextir 3,7% | 0 | 22.749 |
| Langtímaskuldir samtals | <u>22.807.466</u> | <u>21.755.905</u> |

Langtímaskuldir við tengda aðila eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs, með grunnvísitöluna 409,9 og langtímaskuldir við aðra aðila eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs, með grunnvísitöluna 423,2.

Langtímaskuldir félagsins eru allar í íslenskum krónum.

| Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|--|-------------------|-------------------|
| Árið 2023 | 0 | 586.160 |
| Árið 2024 | 689.303 | 583.731 |
| Árið 2025 | 714.165 | 604.784 |
| Árið 2026 | 739.924 | 626.596 |
| Árið 2027 | 766.613 | 649.195 |
| Árið 2028 | 794.265 | 672.508 |
| Árið 2029 og síðar | 19.103.196 | 18.032.931 |
| | <u>22.807.466</u> | <u>21.755.905</u> |

Langtímaskuldir að fjárhæð 22.807,5 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Afborganir ársins 2024 / 2023, færðar meðal skammtímaskulda | 689.303 | 586.160 |
| Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar | <u>22.118.163</u> | <u>21.169.745</u> |
| | <u>22.807.466</u> | <u>21.755.905</u> |

Langtímaskuldir við tengda aðila

Langtímaskuld við dótturfélagið Greiðslumiðlunina Hring ehf. er vegna verðbréfaútgáfu þess félags, upphaflega að fjárhæð 19.500 milljónir króna. Skuldabréfaflokkurinn er skráður í Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auðkenninu HARP 46 0217. Harpa er móttakandi framlags frá Íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sem gengur beint til greiðslu skuldabréfaútgáfunnar, sjá umfjöllun í skýringu nr. 7. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna er þau verðtryggð með vísitölu neysluverðs og föstum 3,55% vöxtum. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar. Skuld Hörpu við Hring samsvarar eftirstöðvum skuldabréfaútgáfunnar.

Skuldabréfin greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046.

Áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er 1.487,7 milljónir króna á árinu 2024.

Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu auk handveðsréttar í tilteknum bankareikningi dótturfélagsins Hrings.

Aðrar langtímaskuldir:

Skuldabréf í íslenskum krónum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs, var tekið í desember 2014, til 9 ára. Það er tryggt með veði í leigugreiðslum og handveði í innstæðu bankareiknings. Vextir eru breytilegir.

Skýringar

11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hluthafar félagsins, stjórn félagsins, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Þessi skilgreining er byggð á ákvæðum í settum reikningskilareglum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | 2023 | 2022 |
|--|------------|------------|
| Rekstrarframlag frá eigendum | | |
| Rekstrarframlag frá íslenska ríkinu | 324.000 | 243.000 |
| Rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg | 277.000 | 207.000 |
| | 601.000 | 450.000 |
| Viðbótarrekstrarframlag frá eigendum | | |
| Viðbótarframlög frá íslenska ríkinu | 16.006 | 179.685 |
| Viðbótarframlög frá Reykjavíkurborg | 13.635 | 128.509 |
| | 29.642 | 308.194 |
| Rekstrartekjur frá tengdum aðilum | | |
| Sala þjónustu til Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. | 677 | 622 |
| Sala þjónustu til Rekstrarfélagsins Hörpustrengja ehf. | 7.735 | 7.079 |
| Sala þjónustu til Rekstrarfélagsins Stæðis slhf. | 122.663 | 74.686 |
| | 131.075 | 82.386 |
| Rekstrargjöld til tengdra aðila | | |
| Fasteinagjöld til Reykjavíkurborgar | 336.773 | 316.106 |
| Rekstrarkostnaður til Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. | 7.200 | 7.200 |
| | 343.973 | 323.306 |
| Fjármunatekjur frá tengdum aðilum | | |
| Vaxta- og verðbótaskjur frá íslenska ríkinu | 1.368.399 | 1.435.335 |
| Vaxta- og verðbótaskjur frá Reykjavíkurborg | 1.165.673 | 1.222.693 |
| | 2.534.071 | 2.658.028 |
| Fjármagnsgjöld til tengdra aðila | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur til Greiðslumiðlunarinnar Hrings ehf. | 2.513.399 | 2.632.781 |
| Langtímafjáreign á tengda aðila | | |
| Langtímafjáreign á íslenska ríkið | 12.189.411 | 11.637.648 |
| Langtímafjáreign á Reykjavíkurborg | 10.383.572 | 9.913.552 |
| | 22.572.983 | 21.551.200 |
| Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á tengda aðila | | |
| Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á íslenska ríkið | 379.830 | 339.430 |
| Næsta árs afborganir langtímafjáreignar á Reykjavíkurborg | 323.558 | 289.144 |
| | 703.388 | 628.574 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila | | |
| Skammtímakröfur á Rekstrarfélagið Hörpustrengi ehf. | 0 | 1.331 |
| Skammtímakröfur á Rekstrarfélagið Stæði slhf. | 75.140 | 47.777 |
| | 75.140 | 49.108 |
| Langtímaskuldir við tengda aðila | | |
| Langtímaskuld við Greiðslumiðlunina Hring ehf. | 22.118.163 | 21.169.745 |
| Næsta árs afborganir langtímaskuldar við tengda aðila | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskuldar við Greiðslumiðlunina Hring ehf. | 689.303 | 563.411 |
| Skammtímaskuldir við tengda aðila | | |
| Skammtímaskuldir við Reykjavíkurborg | 27.097 | 27.097 |
| Skammtímaskuld við Greiðslumiðlunina Hring ehf. | 31.485 | 30.732 |
| | 58.582 | 57.828 |

Upplýsingar um launagreiðslur til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu nr. 3.

Skýringar

12. Tekjuskattur og tekjuskattseign (tekjuskattsskattsskuldbinding)

Breyting tekjuskattseignar (tekjuskattsskuldbindingar) greinast þannig:

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|--|---------------------|---------------------|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | (1.352.140) | (1.350.833) |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi | 25.308 | 818 |
| Samsköttunaráhrif með dótturfélagi | (1.888) | (2.125) |
| | <u>(1.328.721)</u> | <u>(1.352.140)</u> |

Tekjuskattseign (tekjuskattsskuldbinding) greinist þannig á eftirfarandi liði:

| | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|--|---------------------|---------------------|
| Óefnislegar eignir | 79 | 342 |
| Efnislegar eignir | 2.282.017 | 2.278.449 |
| Fjáreignir | (4.655.274) | (4.435.955) |
| Viðskiptakröfur | 3.126 | 11.643 |
| Gengismunur | (46) | (76) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 1.336.081 | 1.134.320 |
| Niðurfærsla yfirfæranlegs skattalegs taps, vegna óvissu um nýtingu | (294.704) | (340.862) |
| | <u>(1.328.721)</u> | <u>(1.352.140)</u> |

Félagið greiðir engan tekjuskatt á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023. Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins nam í árslok 6.680,4 milljónum króna og er nýtanlegt til ársloka 2024 til 2033.

Félagið er samskattað með dótturfélögum sínum.

Tekjuskattseign félagsins er niðurfærð að hluta vegna óvissu um nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps.

Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2023 greinist þannig:

31.12.2023

| | |
|---|------------------|
| Árið 2014, nýtanlegt til ársloka 2024 | 767.232 |
| Árið 2015, nýtanlegt til ársloka 2025 | 706.286 |
| Árið 2016, nýtanlegt til ársloka 2026 | 418.309 |
| Árið 2017, nýtanlegt til ársloka 2027 | 22.870 |
| Árið 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 | 626.362 |
| Árið 2019, nýtanlegt til ársloka 2029 | 462.121 |
| Árið 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 | 460.530 |
| Árið 2021, nýtanlegt til ársloka 2031 | 714.446 |
| Árið 2022, nýtanlegt til ársloka 2032 | 1.262.648 |
| Árið 2023, nýtanlegt til ársloka 2033 | 1.239.600 |
| | <u>6.680.405</u> |

Skýringar

13. Aðrar upplýsingar

Innskattskvöð

Vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss og bílastæðahúss hvílir á félaginu innskattskvöð sem nam um 2.980 milljónum króna í lok ársins. Fyrningartími innskattskvaðarinnar er 20 ár. Innskattskvöðin er háð óvissu sem felst í að útskattur á fyrningartíma nemi hærri fjárhæð en sem nemur framangreindri fjárhæð innskattskvaðar.

Vátryggingar

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Vátryggingarfjárhæðin nemur allt að 935,9 milljónum króna.

Félagið hefur keypt frjálsa ábyrgðartryggingu sem ætlað er að bæta tjón þriðja aðila á grundvelli skilmála um ábyrgðartryggingar. Vátryggingarfjárhæðin nemur allt að 1.212 milljónum króna.

Málaferli

I. Á árinu lauk máli Íslenskra aðalverktaka hf. („ÍAV“) gegn Hörpu og Situs ehf. um að réttur ÍAV til stýriverktöku á byggingu bílastæðahúss undir reitum 1 og 2 á Austurhafnarsvæðinu hafi ekki verið virtur. Harpa og Situs hlutu heimild til að áfrýja dómi Landsréttar frá 3. júní 2022 í máli nr. 203/2021 til Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur viðurkenndi með dómi sínum þann 10. maí 2023 í máli nr. 47/2022, rétt ÍAV til skaðabóta úr hendi Hörpu og Situs vegna réttinda félagsins til að byggja tiltekin bílastæði. Dómurinn snýr að viðurkenningarkröfu og því er fjárhæð skaðabóta ekki hluti af dómsorðinu. Aðilar máls náðu ekki saman um forsendur uppgjors á árinu 2023 en gert er ráð fyrir því að bætur verði greiddar á árinu 2024 náist samningar. Því liggur ekki fyrir hver hlutur Hörpu verður en félagið átti enga hlutdeild í þeim tekjum sem fengust af sölu á byggingarrétti og þar með réttinum til stýriverktöku á umræddum reitum. Eigendur félagsins eru upplýstir um forsendur og framvindu og ekki er tilefni til að ætla að uppgjör kröfu ÍAV hafi áhrif á rekstrarhæfi Hörpu.

II. Með stefnu þingfestri 9. september 2021, höfðaði félagið mál á hendur ÍAV vegna galla í þaki fasteignarinnar en ÍAV sá um byggingu Hörpu. ÍAV krefst sýknu af öllum kröfum félagsins. Héraðsdómur varð við kröfu Hörpu um að dómkvaddur matsmaður yrði fenginn til að meta tjón félagsins vegna umræddra galla. Dómsmálið og matið eru í ferli og niðurstaða liggur því ekki fyrir. Samkvæmt núvirtu mati VSB verkfræðistofu mun kostnaður við lagfæringar nema um 316 milljónum króna.

14. Dótturfélög

Í lok ársins á Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eftirfarandi dótturfélög:

| Nafn | Starfsemi og eignarhlutur | Hlutdeild | Hlutdeild |
|---|------------------------------|------------------|--------------------------|
| | | í afkomu 2023 | í eigin fé 31.12.2023 |
| Greiðslumiðlunin Hringur ehf. | Lántaka vegna byggingar 100% | 336 | 2.522 |
| Rekstrarfélagið Stæði slhf. | Rekstur bílastæðahúss 77,1% | 8.074 | 84.474 |
| Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. | Skipulagning viðburða 100% | 9.557 | 62.238 |
| | | <u>17.967</u> | <u>149.234</u> |

Lögheimili allra ofangreindra dótturfélaga er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Skýringar

15. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu þess. Stjórnin hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu félagsins.

15.1 Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið félagsins við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að félagið skili arðsemi til hluthafa.

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Fjármögnun félagsins sundurliðast með eftirfarandi hætti: | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| Lántökur í lok árs | 22.807.466 | 21.755.905 |
| Frádregið: handbært fé | (914.768) | (1.039.890) |
| Lántökur nettó | 21.892.698 | 20.716.014 |
| Eigið fé | 10.745.882 | 10.813.745 |
| Fjármögnun samtals | 32.638.581 | 31.529.759 |

15.2 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Félagið metur tapsáhættu af kröfum og færir niðurfærslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna félagsins.

15.3 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar félagsins felast fyrst og fremst í skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013, en samningar fyrirtækisins ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir félagsins í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

| | Bókfært verð | Greitt innan 12 mánaða | Greitt eftir 12 mánuði | Samtals |
|---|-------------------|---------------------------|---------------------------|-------------------|
| Staða 31. desember 2023 | | | | |
| Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa) | 22.807.466 | 1.487.651 | 31.488.621 | 32.976.272 |
| Skuldir við tengda aðila | 58.582 | 58.582 | 0 | 58.582 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 627.932 | 627.932 | 0 | 627.932 |
| | <u>23.493.980</u> | <u>2.174.165</u> | <u>31.488.621</u> | <u>33.662.786</u> |
| Staða 31. desember 2022 | | | | |
| Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa) | 21.733.156 | 1.377.391 | 30.532.174 | 31.909.565 |
| Langtímaskuldir við fjármálastofnanir | 22.749 | 23.522 | 0 | 23.522 |
| Skuldir við tengda aðila | 57.828 | 57.828 | 0 | 57.828 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 1.014.593 | 1.014.593 | 0 | 1.014.593 |
| | <u>22.828.326</u> | <u>2.473.335</u> | <u>30.532.174</u> | <u>33.005.509</u> |

Eftirfarandi er greining á samningsbundnu framlagi íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til félagsins sem gengur til greiðslu afborgana og vaxta langtímafjáreignar. Fjárhæðir eru ónúvirtar miðað við verðlag í árslok 2023.

| | Samningsbundið framlag ársins | Innborgað innan 12 mánaða | Innborgað eftir 12 mánuði | Samtals |
|--------------------------------|----------------------------------|------------------------------|------------------------------|------------|
| Staða 31. desember 2023 | | | | |
| Framlag frá ríki og borg | 1.467.115 | 1.518.328 | 32.137.936 | 33.656.264 |
| Staða 31. desember 2022 | | | | |
| Framlag frá ríki og borg | 1.345.977 | 1.405.794 | 31.161.767 | 32.567.561 |

Framlag eigenda í töflunni hér að framan er í samræmi við ákvæði samnings um rekstur og starfsemi Hörpu milli Hörpu annars vegar og eigendanna, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar, hins vegar.

Skýringar

15. Fjárhagsleg áhættustjórnun, framhald

15.4 Vaxtaáhætta

Verðbréfaútgáfa dótturfélagsins er á föstum vöxtum þannig að hún og félagið býr ekki við vaxtaáættu af henni. Með breytingu á reikningsskilaaðferðum þar sem samningur Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar var færður sem langtímafjáreign þá býr félagið hvorki við vaxta- né verðtryggingaráættu þar sem bæði langtímafjáreignin og verðbréfaútgáfan eru vísitölutengdar og bera sömu 3,55% fasta vexti.

15.5 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg og tengist einkum viðskiptum við erlenda viðburðahaldara og listamenn.

16. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

16.1 Grundvöllurreikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í þúsundum íslenskra króna. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru í stöðugri þróun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

16.2 Fjárhagsleg staða og rekstrarhæfi félagsins

Umfjöllun um fjárhagslega stöðu félagsins er að finna í skýrslu stjórnar og forstjóra en þar kemur fram að félagið sé rekstrarhæft. Ársreikningurinn er lagður fram á þeim grundvelli.

16.3 Hlutdeild í dótturfélögum

Í ársreikningi félagsins eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er fært á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærri þá færast það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki fært nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins.

16.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda annars vegar af tekjum af starfsemi Hörpu og hins vegar af rekstrarframlögum frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg.

Tekjur af starfsemi Hörpu samanstanda af seldri þjónustu, útleigu aðstöðu og umboðslaunum vegna viðburða á borð við tónleika og ráðstefnur. Tekjur af veittri þjónustu vegna starfsemi í Hörpu eru færðar þegar unnið er til þeirra. Tekjur vegna rekstrarframlaga frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg eru færð á grundvelli samninga þar um eða þegar íslenska ríkið hefur staðfest það í fjárlögum og Reykjavíkurborg í fjárhagsáætlun.

16.5 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til samanber þó skýringu 16.8.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

16. Yfirlit um helstu reikningskilaaðferðir framhald

16.6 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2024. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

16.7 Óefnislegar eignir

Hugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald hugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem félagið á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma er litið, er eignfærður sem óefnisleg eign. Beinn kostnaður í þessu sambandi er kostnaður starfsmanna sem starfa við verkefnið og ákveðin hlutdeild í óbeinum kostnaði.

Kostnaður sem fellur til síðar vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðar ávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Hugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki á 4 árum.

16.8 Efnislegar eignir

Efnislegar eignir eru tilgreindar á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|-----------------------------------|---------|
| Fasteignir | 50 ár |
| Innréttingar, áhöld og tæki | 4-30 ár |

Færð er virðisrýrnun á eignir ef bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra en þá eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð eða í tekjuvirði eignanna.

Tvær breytingar hafa átt sér stað á endurheimtanlegu verði fasteignarinnar:

Annars vegar á árinu 2009 þegar breytingar voru gerðar á fjárhagslegri skipan félagsins sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum félagsins.

Hins vegar á árinu 2019 þegar endurheimtanlegt verð var lægra en bókfært verð fasteignarinnar. Virðisrýrnun að fjárhæð 7.130,2 milljónum króna var færð vegna þessa til gjalda í rekstrarreikningi í samræmi við ákvæði laga og settra reikningskilareglna.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Vaxtagjöld og verðbætur af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna efnislegar eignir voru eignfærð á þeim tíma sem það tók að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi. Eftir að skilgreindum byggingartíma lauk á árinu 2011 hafa öll vaxtagjöld verið gjaldfærð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur efnislegra eigna er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

16.9 Langtímafjáreign

Langtímafjáreign í efnahagsreikningi byggir á samningi um rekstur og starfsemi Hörpu, dagsettum þann 12. apríl 2014, milli Hörpu annars vegar og íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar hins vegar. Fjáreignin er framtíðarsjóðsflæði mánaðarlegs framlags íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar til 15. febrúar 2046 sem fært er til núvirðis með 3,55% vöxtum, sem eru sömu vextir og eru á útgefnum skuldabréfum samstæðunnar, enda er framlagið með beinum hætti tengt þeim skuldabréfum sem gefin voru út vegna fjármögnunar á byggingu Hörpu.

Langtímafjáreign er flokkuð sem langtímakrafa í efnahagsreikningi þar sem um óafturkræfan og skuldbindandi samning um opinbert framlag er að ræða. Næsta árs afborganir langtímafjáreignar eru færðar meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Skýringar

16. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir framhald

16.10 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

16.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða.

16.12 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

16.13 Tekjuskattur og tekjuskattsskuldbinding (tekjuskattseign)

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema vegna liða sem færðir eru í gegnum eigið fé, þá er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er reiknaður miðað við gildandi tekjuskattshlutfall á reikningsskiladegi. Tekjuskattur til greiðslu byggir á áætluðum sköttum sem vænt er að greiða beri til skattýfirvalda á næsta ári.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðs verð í ársreikningi. Frestaður tekjuskattur er metinn með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar kemur.

Tekjuskattseign er eingöngu færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni.

Tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign er jafnað saman þegar það er heimilt skv. lögum og er vegna tekjuskatts sem lagður er á af sömu skattayfirvöldum.

16.14 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Langtímaskuldir eru síðan færðar á afskrifuðu kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er færður í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla eða yfirverðs.

Skuldir eru flokkaðar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

16.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

16.16 Óuppgert vegna viðburða

Óuppgert vegna viðburða samanstendur af miðasölu sem greidd er til viðburðarhaldara að viðburðum loknum, innheimtum STEF gjöldum og staðfestingargjöldum vegna viðburða.